

**Sp. 828. Tillaga til þingsályktunar [476. mál]**

um aðgerðir í fiskeldismálum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason,  
Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum í málefnum fiskeldis í þeim tilgangi að stuðla að því að treysta grundvöll þessarar atvinnugreinar og farsælar framfarir.

1. Sett verði á fót sérstök nefnd, fiskeldisnefnd, er sé vettvangur samráðs og ráðgjafar í þeim málum er fiskeldi varða. Verkefni nefndarinnar verði auk þessa að efla miðlun upplýsinga um fiskeldi og undirbúa og hafa frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sviði fiskeldis. Nefndin skal veita stjórnvöldum, opinberum stofnunum og þeim sem í greininni starfa ráðgjöf. Fé verði veitt úr ríkissjóði til þess að skapa nefndinni starfsaðstöðu. Nefndina skipi tveir fulltrúar eftir tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn fulltrúi eftir tilnefningu fiskeldisbrauta við búnaðarskólana að Hólum og á Hvanneyri, einn fulltrúi eftir tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn fulltrúi eftir tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn fulltrúi Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og einn fulltrúi frá forsætisráðuneyti, en forsætisráðherra skipi nefndina.

2. Þegar á þessu ári verði veitt heimild fyrir tveimur nýjum stöðugildum við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum við rannsóknir á fisksjúkdómum og vörnum gegn þeim. Jafnframt verði veitt fé úr ríkissjóði til nauðsynlegra tækjakaupa. Þegar verði hafist handa við áætlun um frekari uppbyggingu þessarar starfrækslu á næstu árum. Fiskeldisnefnd hafi forustu um þá áætlanagerð.

3. Reglugerð nr. 70/1972, um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, með síðari breytingum, verði endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu og í því skyni að efla reglubundið eftirlit í klak- og eldisstöðvum og setja ströng skilyrði um heilbrigðisvottorð í tengslum við verslun með og flutning á hrognum, seiðum og eldisfiski.

4. Fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði verði breytt í rannsóknarstöð í fiskeldi og fé veitt þegar á næsta ári til stöðvarinnar með tilliti til þessa nýja verkefnis.

5. Menntun í fiskeldisfræðum verði eflað, m. a. með því að koma á fót kennslu í fiskeldi við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og námsbraut í fiskeldi í Reykjavík eða nágrenni, hliðstæðri þeirri sem nú er starfrækt að Hólum. Greitt verði fyrir nemendum við að sjá sér fyrir skólavist erlendis, t. d. í Noregi og Skotlandi, vegna náms í greinum sem

varða fiskeldi. Veitt verði fé til að kosta erlenda kunnáttumenn til að halda fyrirlestra og námskeið á Íslandi. Gerð verði áætlun um frekari uppbyggingu og skipan náms á sviði fiskeldis í framtíðinni.

6. Stuðlað verði að því að þau mál, er varða sölu í þessari grein, verði að sem mestu leyti í höndum Íslendinga, m. a. með því að viðurkenna útgjöld vegna uppbyggingar sölustarfsemi sem lánshæfan hluta fjárfestingar.

7. Framkvæmdasjóði Íslands verði fyrst um sinn falið að veita fjárfestingarlán til fiskeldisfyrirtækja. Sjóðnum verði einnig falið að veita ábyrgðir, sem á kann að vanta, til viðbótar veðum í eignum viðkomandi fiskeldisfyrirtækis sem banki eða lánastofnun kann að krefjast.

Ráðstöfunarfé sjóðsins verði ákveðið með tilliti til þess að hann sinni þessu verkefni.

8. Stuðlað verði að því að afurða- og rekstrarlán vegna fiskeldis taki sérstakt mið af þörfum þessarar atvinnustarfsemi og verði ekki síðri en þau sem bjóðast öðrum atvinnugreinum svo sem sjávarútvegi og landbúnaði.

9. Fyrir næsta löggjafarþing verði lagt fram frumvarp til laga um skipan fiskeldismála, þ. á m. um að efla og endurskipuleggja fisksjúkdómavarnir, mengunarmál, rannsóknarstarfsemi og rannsóknarstöð í fiskeldi, sbr. tölul. 4. Jafnframt verði lögð fram frumvörp til laga um breytingar á gildandi lögum til samræmis við þessa nýskipan.

#### Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er nú á fiskeldismálum og eru bundnar vonir við að greinin verði einn af vaxtarbroddum atvinnulífsins. Stjórnámálamenn úr öllum flokkum hafa lýst yfir því að búa verði vel að greininni og látið í ljós trú á að hún eigi framtíð fyrir sér og sífellt fleiri hugmyndir um byggingu nýrra fiskeldisstöðva skjóta upp kollinum.

Á hinn bóginn er það svo þrátt fyrir allar yfirlýsingar og fyrirheit að engin eiginleg stefnumörkun í þeim málefnum, er snerta fiskeldi, hefur átt sér stað á vegum hins opinbera, Alþingis eða ríkisstjórnar. Þannig á greinin hvergi heima í stjórnkerfinu t. d. að því er varðar fjárfestingarlán. Mjög mörgu er ábótavant í sambandi við sjúkdómavarnir og rannsóknarstörf á sviði fiskeldis og jafnframt hefur lítið verið hugað að menntunarmálum að því er þessa grein varðar. Skýtur hér skökku við miðað við þann áhuga sem víða birtist og þá ekki síst af hálfu stjórnámálamanna.

Vafalaust er áhugi á að skipa málefnum greinarinnar með lögum þótt ævinlega sé álitamál í hversu ríkum mæli ber að gera slíkt í smáatriðum. Auk þess tekur lagasmíðin og lagaafgreiðslan tíma og laga tæpast að vænta fyrr en í lok þessa árs eða jafnvel að ári hið fyrsta en stefnumörkun þolir hins vegar ekki bið. Þess vegna er nauðsynlegt að stefnan sé mörkuð nú þegar að eins miklu leyti og unnt er og **greinin fái með þeim hætti traustari grundvöll til að starfa á.** Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að ná því markmiði.

Athugun á gildandi lögum sýnir að verulegt svigrúm er í þessum efnunum þar sem mjög fátt í þeim fjallar um fiskeldi.

Lögin um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, eru framar öllu um veiðimál en ekki fiskeldi. Þar eru þó ákvæði um að tilkynna beri veiðimálastjóra um stofnun fiskeldisstöðvar og í þeim lögum eru ákvæði um fisksjúkdómanefnd. Hins vegar er ljóst að skipun veiðimálanefndar og hlutverk veiðimálastjóra miðast fyrst og fremst við lax- og silungsveiðar en ekki fiskeldi. Fiskræktarsjóður er greinilega heldur ekki sniðinn að þörfum fiskeldisstöðva.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum nr. 72 1984, segir að Hafrannsóknastofnun hafi m. a. það verkefni að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera en annað er ekki að finna um þessi mál í þeim lögum.

Að öðru leyti er málum, sem þessa atvinnugrein varða, að mestu skipað í reglugerðum.

Meðal þeirra atriða, sem taka þarf afstöðu til, eru skipan málefna fiskeldisstöðva í stjórnkerfinu, stefna í rannsóknarmálum og sjúkdómavörnum, uppbygging menntunarmála og fyrirkomulag fjárfestingarlána og rekstrar- eða afurðalána.

Með sérstakri tillögu, sem er á þskj. nr. 764, 449. mál, er því beint til ríkisstjórnarinnar að ákveða með reglugerð að fiskeldi í fiskeldisstöðvum verði á verksviði sjávarútvegsráðuneytis. Það er því ekki gert að ályktunarefni í þessari tillögu. Hins vegar er hér gert ráð fyrir að forsætisráðherra hafi á hendi umsjón þessara mála þar til ofangreind skipan hefur verið staðfest.

Til þess að vera til ráðuneytis um þessi mál þar til öðru vísi verður ákveðið er lagt til að forsætisráðherra skipi sérstaka nefnd, fiskeldisnefnd, með tilnefningum frá þeim sem í greininni starfa annars vegar og hins vegar aðilum sem búa yfir sérþekkingu á þessu sviði. Nefndinni yrði ætlað allvíðtækt starfsvið.

Þá er nauðsynlegt að marka stefnu í eflingu rannsókna og menntunar í greininni og stíga þegar ákveðin skref í þeim efnunum. Fjallar þingsályktunartillagan að öðru leyti að mestu um stefnumörkun og aðgerðir á þessum sviðum.

#### **Fiskeldisnefnd.**

Nefndinni er ætlað að gegna margþættu hlutverki. Hún á að vera vettvangur samráðs og ráðgjafar fyrir hið opinbera og þá sem í greininni starfa. Henni er ætlað að hafa forustu í rannsóknarstarfsemi þar til málum hefur verið skipað með öðrum hætti. Hún á að miðla upplýsingum.

Veita þarf fé úr ríkissjóði svo að nefndin fái viðunandi starfsaðstöðu, þ. á m. til að reka skrifstofu og standa fyrir nauðsynlegri afgreiðslu og upplýsingastarfsemi.

#### **Rannsóknarstarfsemi.**

Sá sem býr yfir mestri þekkingu og stendur fremst á rannsóknarsviði er líklegastur til að ná góðum árangri í fiskeldi ekki síður en í öðrum atvinnugreinum. Þótt áhugi sé mikill á fiskeldi og margir aðilar að bætast í greinina eða að undirbúa rekstur er þekking af skornum skammti og mörg svið órannsökuð.

Í þessum efnunum verðum við að stunda eigin rannsóknir og miða þar við íslenskar aðstæður því að þær eru sérstæðar. Rannsóknarstarf annarra mun því ekki nýtast okkur nema að takmörkuðu leyti.

Í fyrsta lagi má nefna sem dæmi að Norðmenn eru með langmestan hluta síns eldis í sjávarkvíum en okkar eldi verður vafalaust í miklum mæli í landkvíum. Hér er mikill munur á. Okkar rannsóknir verða að beinast að íslenskum aðstæðum, t. d. í þessu efni.

Í öðru lagi er sérstaða okkar fólgin í notkun á varma í langtum ríkari mæli en hjá öðrum. Þó er það svo að allt of lítið er vitað um aukinn vaxtarhraða með hækkandi hitastigi nema hjá seiðum. Þetta samband hefur þó úrslitaáhrif á það í hve ríkum mæli eigi að nota varma og hver gráða í varma er mjög dýr. Nákvæm þekking á þessu sviði getur sparað stórfé í rekstrarafkomu. Þetta er því mjög mikilvægt rannsóknarverkefni.

Í þriðja lagi er rétt að benda á þá sérstöðu sem Ísland hefur vegna birtuskilyrða, bjartar sumarnætur annars vegar og langt skammdegi hins vegar. Lítið mun vitað um áhrifin af samspili birtu og varma á vaxtarhraða og kynþroska. Hér er líka mikilvægt rannsóknarverkefni. Kemur t. d. birtustýring til álita eða gæti hún orðið hagkvæm?

Í fjórða lagi hljóta menn að spyrja sig þess hver séu áhrif af mismunandi þéttleika fisks í eldiskerjum. Í þeim mæli, sem það er ekki þekkt, er einnig það áhugavert rannsóknarefni.

Í fimmta lagi er það rannsóknarefni hvernig kynbæta megi eldisfisk. Hjá grannþjóðum okkar er slík starfsemi rekin. Hér kemur m. a. til álita að ráða sérfræðinga á sviði erfðafræði til þess að gera erfðafræðilegar rannsóknir reyndar bæði á eldisfiski og göngufiski með tilliti

til hafbeitar. Að því er hafbeitina varðar sjá menn í hendi sér hversu mikill árangur gæti orðið ef tækist t. d. að greina laxa sem reyndust skila sér betur en aðrir og rækta þær erfðir ef unnt reyndist að festa hendur á þeim.

Þessi rannsóknarverkefni fela í sér mikla möguleika. Þeim verður því að gefa gaum.

Á sama hátt er full þörf fyrir aukið og samfellt tilraunastarf með mismunandi gerðir fódurs og rannsóknir á eiginleikum þeirra og áhrifum.

Þótt athyglin beinist nú einkum að eldi á laxi er vitaskuld nauðsynlegt að beina rannsóknum jafnframt að öðrum tegundum, svo sem flatfisktegundum, silungi, skelfiski og krabbadýrum, svo að dæmi séu tekin. M. a. væri áhugavert að vita hvernig ræktun t. d. krabbadýra eða skelfiska í affallsvatni laxakvíar tækist.

Hér hafa verið rakin nokkur rannsóknarverkefni sem virðist nauðsynlegt að sinna vel og stuðla að því að unnin verði skipulega til þess að skapa góða undirstöðu undir fiskirækt sem atvinnugrein en verkefnin eru vitaskuld fleiri og sífellt ný munu bætast við eftir því sem greinin þróast. Mikilvægast er þó að skapa grundvöllinn til rannsókna og gera það strax.

Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að fiskeldisnefnd fari með stefnumörkun og hafi frumkvæði á þessu sviði þar til önnur skipan verður ákveðin. Ætlast er til að nefndinni verði veitt fé til þess að undirbúa rannsóknaráætlanir. Jafnframt ætti nefndin að fá fé til að veita til valinna aðkeypra rannsóknarverkefna.

Þá er lagt til að Kollafjarðarstöðinni verði breytt í rannsóknarstöð á þessu sviði. Sú stöð ætti bæði að geta stundað sjálfstæðar rannsóknir og tekið að sér rannsóknarverkefni fyrir þóknun. Til þessa þarf að verja opinberu fé einkum í upphafi en síðar verður að gera ráð fyrir að atvinnugreinin standi að verulegum hluta undir kostnaði af rannsóknarstarfinu eftir því sem greininni vex fiskur um hrygg.

#### **Heilbrigðiseftirlit, sjúkdómavarnir.**

Þessum málum er í sjálfu sér vel markaður bás hjá Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Á hinn bóginn vantar aukinn mannafla til eftirlits, rannsókna og ráðgjafarstarfa. Í þessum verkefnum munu einungis vera einn vísindamaður og einn aðstoðarmaður. Nauðsyn ber til þess að efla þessa starfsemi að tvennu leyti sérstaklega, þ. e. að auka rannsóknir á fisksjúkdómum og hins vegar að setja ákveðnar vinnureglur og leiðbeiningar og hafa eftirlit með þeim. Jafnframt er mikilvægt að veitt verði ráðgjafarþjónusta á þessu sviði.

Til þess að ná þessu markmiði verður að verja meira fé en nú er gert til þessarar starfsemi, m. a. til tækjakaupa, og ráða fleira fólk til stofnunarinnar. Lagt er til að þegar á þessu ári verði heimilað að bæta við tveimur stöðugildum en jafnframt verði gerð áætlun um frekari uppbyggingu á næstu árum.

Þá er gert ráð fyrir að reglugerð um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum verði þegar endurskoðuð í því skyni að efla reglubundið eftirlit í þeim og setja ströng skilyrði um heilbrigðisvottorð í tengslum við verslun með og flutning á hrognum, seiðum og lifandi eldisfiski.

#### **Menntunarmál.**

Ein meginundirstaða þess að vel takist til um fiskrækt sem atvinnugrein er að kostur sé á vel menntuðu starfslíði. Áföll og erfiðleika í ýmsum nýjum atvinnugreinum má oft rekja til þess að þekkingu skortir og kunnáttu er ábótavant í starfsgreininni.

Hér á landi er engan veginn komið til móts við þarfir fiskiræktarinnar í menntakerfinu. Einu vísarnir að einhverju í þá veru eru í búnaðarskólunum að Hólum og á Hvanneyri og á Kirkjubæjarklaustri. Norðmenn hafa á hinn bóginn komið upp samræmdu menntakerfi í greininni allt upp í háskóla.

Í fyrstunni virðist því einsýnt að leita eftir því við norsk og e. t. v. bresk stjórnvöld að þau greiði fyrir því að tiltekinn fjöldi íslenskra námsmanna af fjölbrautastigi til háskólanáms geti fengið aðgang að háskólum í þessum löndum. Ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir þessu.

Jafnframt er gerð tillaga um að komið veri á fót kennslu í fiskeldi við Háskóla Íslands og námsbraut í fiskeldi í Reykjavík eða nágrenni, hliðstæðri þeirri menntun sem veitt er t. d. að Hólum.

Þá er gert ráð fyrir að greitt verði fyrir námskeiðum og fyrirlestrahaldi m. a. með því að fá til erlenda fyrirlesara. Tafarlaust þyrfti einnig að gera áætlun um hvernig þessari menntun verði komið á til frambúðar innan hins íslenska menntakerfis.

#### **Sölustarfsemi.**

Stuðla ber að því að sölustarf í þessari grein á erlendum mörkuðum sé að sem allra mestu leyti í höndum íslenskra aðila. Ætla verður þeim aðilum, sem í greininni starfa, að velja þessu verkefni farveg og búning að vild sinni.

A hinn bóginn geta stjórnvöld stuðlað að grósku í sölustarfi á vegum íslenskra aðila með því að viðurkenna kostnað við að koma slíku upp sem hluta af heildarkostnaði verkefnisins, t. d. í sambandi við lánveitingar, þannig að slíkur tilkostnaður sé lánshæfur eins og aðrir hlutar fjárfestingarinnar.

#### **Fjármögnun, fjárfestingarlán.**

Fiskeldi krefst tiltölulega mikils fjármagns í uppbyggingu og verður þá m. a. að hafa hliðsjón af því að nokkur bið er á afrakstri meðan fiskurinn er að vaxa. Að þessu þarf að hyggja og miða fjárfestingarlán við það. Meðalstór fiskeldisstöð mun þurfa til fjárfestingar álíka upphæð og gott bátsverð en stærri stöðvar, eins og sú sem Íslandslax er að reisa, þarfnast fjárfestingar- og rekstrarfjár sem er a. m. k. á við verð á nýjum togara.

Fiskeldi á hins vegar hvergi heima í kerfi fjárfestingarlánasjóða eins og það er nú. Má rekja sögur af því hvernig formælendur fiskeldisstöðva í uppbyggingu hafa farið bönleiðir til búðar hjá bönkum og mál þeirra þvælst og tafist án árangurs í sjóðakerfinu. Eitt er að útvega fé til þessara verkefna, annað að finna því stað í því kerfi sem slíkar framkvæmdir eru fjármagnaðar með. Hvorugt má dragast. Þyki mönnum álitamál hvernig skipa skuli þessum málum til frambúðar er fyrir öllu að ákveða fyrirkomulag sem gildi þar til annað verður ákveðið.

Þar sem ekki verður séð að neinn sérstakur atvinnuvegasjóður eigi öðrum fremur að taka við þessu verkefni liggur beint við að fela Framkvæmdasjóði að fara með þessi mál. Þess vegna er lagt til að ríkisstjórnin feli Framkvæmdasjóði að vera fjárfestingarlánasjóður fyrir fiskeldi og honum verði annars vegar lagt til fé til verkefnisins og hins vegar verði hann ábyrgur fyrir lánnum sem aðilar í greininni fá annars staðar, t. d. erlendis, og þarf ábyrgðir fyrir. Í þessu felst þá jafnframt að Framkvæmdasjóður meti þau verkefni sem sótt er um lán til eða ábyrgðir vegna og velji umsóknir og hafni þeim á grundvelli slíks mats. Honum yrði þannig falið að hafa nokkra stjórn á þróuninni. Þótt greinin sé efnileg verður að hafa nokkurt hóf á uppbyggingarhraða þannig að reynsla og þekking nýtist sem best og komið verði í veg fyrir óþörf áföll. Þannig er ekki nóg að aðilar geti sett bærilegar tryggingar fyrir lánnum heldur er ekki síður mikils virði að fjárfestingar- og rekstraráætlanir séu metnar og tryggt sé að hæfir starfsmenn fáist til að reka stöðina. Allt slíkt verður að meta.

Jafnframt verður að hyggja sérstaklega að afurða- og rekstrarlánnum og að lánnum yfirleitt og að þau séu ekki síðri en í öðrum atvinnugreinum, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, og í því efni sé tekið tillit til þarfa greinarinnar.